LESBÓK 5



Það hefur víst varla farið framhjá neinum, sem með Verkalýðsblaðinu hefur fylgst að það ásamt hreyfingu kommúnista hefur verið í allnokkurri lægð undanfarin misseri.

Um þetta hefur margt verið ritað og ýmislegt rætt. Menn hafa reynt að finna orsakir, sökudólga og ráð til betrunar. Lausnarorðið hefur þó enn ekki verið sagt, né heldur hefur óyggjandi stefna verið birt gegn orsökum sljóleikans í röðum okkar.

Í eftirfarandi greinarkorni verður ekki reynt að fara í sama farveg og ofangreindar vangaveltur hafa runnið, heldur reynt að gera sér grein fyrir stöðu hreyfingarinnar og þeim möguleikum sem eru fyrir hendi. Með þessum orðum vil ég ekki kasta rýrð á þær umræður sem fram hafa farið.

Ráðsettir kommúnistar

Að ýmsu leyti má segja að kommúnistar standi í dag svipað og fyrir tíu árum, er hreyfingin steig sín fyrstu spor. Þau verkefni, sem þá voru sett þarf meira og minna að setja á ný.

Þó er meira ólíkt með hreyfingunni í dag en líkt. Fyrir áratug var marx-leninismi forvitnileg nýjung. Þá var uppgangur og bjartsýni, hreyfingin samansett af ungu námsfólki sem barst fram á almennri vinstriöldu.

Í dag er marx-leninismi að sönnu engin nýjung en eigi að síður fræðikenning sem er verkalýðsstéttinni ókunn, skynsamleg stjórnmálastefna sem ekki hefur hlotið útbreiðslu að ráði. Í dag ríkir ákveðin bölsýni, en jafnframt staðfesta um að halda starfinu áfram. Ungæðishátturinn er horfinn og starfsmenn hreyfingarinnar hafa öðlast reynslu af tíu ára baráttustarfi. Og ekki má gleyma því að lausa og liðuga námsfólkið fyrir tíu árum hefur nú flest komið sér upp fjölskyldu, vinnur allt árið um kring fyrir lifibrauðinu.

Vitorð kommúnista

Það hefur lengi verið á vitorði kommúnista — því miður fárra annarra — að þörf væri á kommúnistaflokki á Íslandi. Þessa vitneskju höfum við reynt að útbreiða af atorku en fáir orðið til að leggja trúnað á.

Enda mun svo að stjórnmálaflokkar — kommúnistaflokkar meðtaldir — sem rísa undir nafni verða ekki til við það eitt að meðvitaðir hugmyndafræðingar ákveða að svo skuli verða. Til þess þarf jafnframt meðvitund álitlegs hluta þeirra stétta sem hlutaðeigandi stjórnmálaflokkur grundvallar starf sitt og stefnu á. Fram til þess tíma að þessi meðvitund verður að veruleika verða væntanlegir flokksforingjar og hugmyndafræðingar að dúsa í fámennum málfundafélögum. Eða þá á hinn bóginn að fjöldinn verður að bíða í nokkurn tíma þar til viðeigandi stjórnmálaflokkur verður myndaður.

Um þetta þekkjum við ótal dæmi úr borgaralegri stjórnmálasögu hérlendis og erlendis og ekki skaðar að líta sér nær ef út í það er farið.

Kreppa borgaralegu verkalýðsflokkanna:

SÓSÍALISMINN ER EINA LAUSNIN!

Greinarhöfundur bendir á almenna andstöðu gegn ný gerðum kjarasamningum. Myndin er frá fundi Félags bókagerðarmanna í Austurbæjarbíói. (Mynd: Prentarinn).

ófyllt skarð

Sögulegar tilhneigingar er varla hægt að merkja svo óyggjandi sé, nema ef litið er til lengri tíma. Undanfarin misseri verður þó ekki annað séð, en að ákveðnar vísbendingar, hafi verið gefnar um stjórnmálalega og faglega stöðu íslenskrar verkalýðsstéttar.

Jafnframt því sem aðalverkalýðsflokkurinn — Alþýðubandalagið — hefur gróið fastar við borgaralegt stjórnkerfi landsins verður fráhvarf verkalýðsins frá pótintátum flokksins augljósara. Það þarf að leita áratugi aftur í tímann til að finna jafn almenna sjálfsprottna andstöðu við undirskrifaða samninga og raun bar vitni um í nóvember og desember sl. Þegar litið er á stjórnmálalegan og faglegan undanfara þessarar sjálfsprottnu andstöðu verður ekki annað sagt en að hún gefi vísbendingu um að nú vanti nýjan verkalýðsflokk til að leiða baráttu stéttarinnar.

Aðstæður fyrir hugmyndafræði og stjórnmálakenningar marx-lenínista ættu því að vera hagstæðar.

Margir valkostir

Núríkjandi aðstæður leiða þó hvorki sjálfkrafa til marxískrar uppljómunar verkalýðsins né sjálfkrafa til myndunar verkalýðsflokks á borð við Vilmundardraum. Því má ekki gleyma andartak, að sjálfsprottin andstaða við gelda verkalýðspólitík Alþýðubandalagsins jafngildir **ekki** þeirri meðmeðvitund sem áður var rætt um að væri forsenda flokksmyndunar. Þessi andstaða gæti t.d. hæglega leitt til fylgisaukningar íhaldsaflanna.

Á meðan verkalýðurinn er sér ekki meðvitaður um nauðsyn **sósíalísks** verkalýðsflokks er heldur ekki hægt að búast við að starf kommúnista að myndun slíks flokks muni bera verulegan ávöxt í bráð, eða skipta sköpum um framvindu íslenskra stjórnmála.

Nú skiptir mestu máli að vinna að útbreiðslu marxískra hugmynda meðal verkalýðsstéttarinnar, gefa henni færi á að öðlast sósíalíska meðvitund.

Sósíalismi á stéttarfélagsfundum

Að slíkri útbreiðslu vinnum við með þeim verkfærum sem við höfum, og lærum þar með af reynslu s.l. áratugar. Okkur ætti nú að vera ljóst, ráðsettu fólkinu, að kemst þótt hægt fari. Gerfisamfylkingar og verkamannaplöntun sem voru aðferðir okkar fyrrum duga ekki nú. Hins vegar verður að leggja stóraukna áherslu á tengingu marxískrar hugmyndafræði við vandamál líðandi stundar, bæði í þjóðmálum og í faglegum málefnum verkalýðsstéttarinnar. Það er ekkert hættulegt að tala um sósíalisma á verkalýðsfélagsfundum eða í samfylkingarstarfi ef jafnframt er höfð í heiðri fjöldastefna maóismans.

Slík útbreiðsla marxískra hugmynda er nauðsynleg, enda verður vandséð hvernig verkalýðurinn á að öðlast sósíalíska meðvitund án hennar.

Margar leiðir

Við megum ekki gleyma því í starfi okkar framundan að engin ein leið er fær að eyrum verkalýðsins. Það er einn lærdóma reynslunnar.

Við getum jafnt dustað rykið af gömlum baráttuaðferðum sem prófað nýjar leiðir. Við getum efnt til samfylkinga á hreinum faglegum grunni og við getum staðið fyrir stofnun sósíalískra málfundafélaga innan stéttarfélaga. Við getum hundsað Alþýðubandalagið og Fylkinguna og jafnframt átt náið samstarf með þeim samtökum.

Annar lærdómur er sá að það verkafólk sem öðlast sósíalíska vitund í rás baráttunnar verður ekki sniðið eftir forskrift að hinum fullkomna kommúnista. Það verður ávöxtur aðlögunar marxlenínismans að íslenskum aðstæðum.

Sá marxíski verkalýðsflokkur sem á endanum verður að veruleika — verður heldur ekki lagaður eins og við gerum okkur nú í hugarlund. Hann verður afrakstur bandalags samtaka marx-lenínista við vísvitaða sósíalíska baráttu íslenskrar verkalýðsstéttar. Hvernig það bandalag verður og verkar er mál framtíðarinnar.

Þangað til verðum við að útbreiða marx-lenínismann hægt og bítandi, skapa forsendurnar fyrir slíku bandalagi og marka þannig afgerandi spor í íslenska stjórnmálasögu. Við höfum reynsluna og ýmsar aðstæður með okkur. Því á endurreisn marx-lenínisma á Íslandi að takast nú.

— óhs.



Hugleiðingar um eðli sósíalískra bylt

Sumarliði nokkur skrifar áhugaverða grein í Verkalýðsblaðið nýlega. Hann talar nokkuð um flokkinn og rekur helstu mistök sósíalískra byltinga til flokksins, hins leníniska kommúnistaflokks sem stjórnað er með lýðræðislegu miðstjórnarvaldi.

Spurningin um hina leníniska flokksgerð er mjög mikilvæg í þeirri uppstokkun á marxismanum sem hlýtur að fara fram í kjölfar þeirra víðtæku vonbrigða sem orðið hafa með þróunina í ,,sósílísku'' ríkjunum.

Þessi spurning tengist mjög vandamálum lýðræðis í sósíalismanum. Almenn mannréttindi hafa yfirleitt verið fótum troðin í þessum ríkjum. Athyglisvert er hve menning og listir eru ófrjó, og hvernig listamenn og menntamenn verða að búa við starfsskilyrði sem eru næstum óþolandi. Þetta atriði er aðeins ein birtingarmynd ,,alræðis öreiganna'' sem í raun er alræði flokksins.

Mig langar að varpa þeirri spurningu fram hvort byltingin í Sovétríkjunum hafi verið í raun sósíalísk? Lenín talar um að Rússland hafi verið veikasti hlekkurinn í keðju heimsvaldaríkjanna. Það var einn flokkur, bolsévíkaflokkurinn, sem stóð fyrir byltingunni með stuðningi öreigastéttar og smábænda. Þegar á fyrstu árum byltingarinnar fór að myndast yfirbygging, skrifræðisbákn, sem í raun stjórnaði landinu. Þessi yfirbygging, ,,framvörður öreigastéttarinnar'' var einnig kölluð bolsévíkaflokkurinn.

Andstæður í Rússlandi voru mjög skarpar á þessum árum. Lénsveldi, vanþróaður kapítalismi og gífurleg eymd almennings sköpuðu þessar aðstæður. Jafnframt var öreigastéttin mjög samþjöppuð í kringum stórar verksmiðjur.

Stærsta vandamálið sem bolsévíkar áttu við að etja var vanþróun, lénskt skipulag landbúnaðarins. Engels hafði lagt fram kenningu um eðli sósíalísks efnahags:,,Þegar samfélagið yfirtekur framleiðslutækin, er vöruframleiðslunni lokið, og þar með valdi framleiðslunnar yfir framleiðendunum''. Eina landið þar sem þetta hefði verið mögulegt þegar Engels skrifaði þetta var England. Stalín bendir á að þróun framleiðsluaflanna í Rússlandi hafi alls ekki verið á þessu stigi 1917, en heldur fram að vandamál sem þetta leiddi af sér hafi verið leyst með samyrkjubúum o.s.frv.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þessi efnahagslegu vandamál sósíalismans, en bendi á að Sovétmönnum tókst aldrei að leysa þessi vandamál, þrátt fyrir stórstígar framfarir í efnahagsmálum, né heldur tengja þessar framfarir við virkt lýðræði í stjórnmálum, menningarmálum og á öðrum sviðum.

Skýringar á gagnbyltingu

Við höfum séð að Sovétríkin eru nú heimsvaldaríki, risaveldi. Kínverjar skýrðu þetta með ,,borgaralegri gagnbyltingu Krúsjeffs 1956'' Trotskistar segja að ,,skrifræði sem byggi á umboði frá verkalýðsstéttinni en sé óháð henni'' hafi náð völdum skömmu eftir dauða Lenins. Ég tel að hvorug skýringin sé rétt. Fyrri skýringin segir að Stalín hafi verið hinn alvitri (eða a.m.k. 70% alvitri) snillingur, sem hafi haldið uppi sósíalisma, þangað til hann dó, og sú síðari setur Lenín í stað Stalíns á sama hátt.

Stalín talar oft þannig að minnir á rússneskan stórveldissinna. Hann innlimaði Eistland, Lettland og Litháen, og síðar kom hann (eða skrifræðisstéttin sem hann var hausinn á) á fót dularfullu kerfi ,,sósíalískrar samvinnu'' í Austur-Evrópu, og eru þau ríki nú algjörlega háð Sovétríkjunum.

Ég ætla að halda áfram að tala um Stalín. Ég tel að meginatriðið í pólitík hans hafi verið róttæk þjóðernisstefna. Sú pólitík átti hljómgrunn meðal rússneskrar alþýðu, sem eðlilegt var. Hún vildi byggja nýtt þjóðfélag, óháð erlendum ríkjum og varpa af sér oki lénsveldisins. Útkoman varð í raun ríkiskapitalismi með sósíalíska hugmyndafræði að yfirbragði, stjórnað af yfirstéttinni — flokknum. (Berið saman Alsír og Sovétríkin).

Sú mynd sem byltingin tók á sig á lítið skylt við þá mynd sem marxísk hugmyndafræði gefur af sósíalísku þjóðfélagi. Ég vil setja þann fyrirvara að ég tel ekki að kapitalismi eða leið Karenskís og mensévíka hefði gefið sama árangur. Heimsvaldastefnan er ekki framsækið afl. En það liggur ekki fyrir að ,,sósíalísk'' þjóðfélög hafa hingað til ekki verið framsæknari hvað varðar þróun framleiðsluafla og þess að koma á raunverulegu lýðræði, alræði öreiganna.

Kína

Við skulum líta á ýmis önnur dæmi. Eldmóður kínversku byltingarinnar er ótrúlegur. En hver gerði þessa byltingu? Smábændurnir. Maó Ze-dong var bændaleiðtogi, sem á frábæran hátt beitti marxismanum til að framkvæma nýlýðræðislega byltingu eins og hann kallaði hana. Eins og í Rússlandi var það einn flokkur, ein valdaklíka sem stjórnaði byltingunni og enn heldur völdum. Munurinn á kínverska flokknum og þeim rússneska var að allvélræn efnishyggja varð að víkja fyrir nýrri útgáfu sem lagði mun meiri áherslu á ,,voluntarisma'' og sem byggði á gífurlegri vakningu meðal bændamúgsins, en hafði lítið frá öreigum að sækja. Og

Enn um Flo

Í 2 síðustu tbl. síðasta árs af VB er rætt um Flokkinn. Í nr.10 hefur Sumarliði umræðuna. Hann kennir flokkshugmyndum okkar um flest sem aflaga hefir farið í uppbyggingarstarfi til sósíalisma.

Ég tel starf maóista svokallaðra hér á landi síðustu 10 ár til slíks starfs þrátt fyrir allt og allir vita að við stöndum ekki mikið framar en fyrir 10 árum og erum meira en ár frá stofnun Kommúnistaflokks. ,,Kk'' (Kínakommi eða eitthvað svoleiðis) er ekki af baki dottinn.

Í grein sinni í nr.11-12 í fyrra er hann þó mjög frjálslyndur að eigin mati og telur hugsanlegt að fleiri en einn stjórnmálaflokkur verði starfandi á sósíalísku Íslandi. Ekki megi nota þá staðreynd (er það þá staðreynd?) sem afsökun fyrir því að byggja ekki upp framvarðarsveit verkalýðsstéttarinnar, Flokkinn sem á að leiða stéttina eins og lítið barn inn í draumaheiminn sem Flokkurinn skapar.

Býrókratíið í EIKml

Ég held að Sumarliði hitti naglann algerlega á höfuðið. KSML, KFÍML og EIKml voru samtaka í því að byggja upp alls konar skipulagsform. Raunverulega byggðu þau sig upp sem lítinn Flokk sem ætlaði að leiða verkalýðsstéttina, þótt þau hétu samtök. Byggt var upp kerfi sem hefði hæft 1000 manna Flokki, með tilheyrandi pappírsflóði, þar sem þessir fáu tugir eða enn þá færri hundruð sem einhvern tíma litu inn í hreyfinguna urðu óvirkir í skapandi pólitískri umræðu.

Ný viðhorf fyrst — stöðnun svo

Það er ekki nýtt hjá mér að segja að pólitík maóista hafi staðnað a.m.k. ekki síðar en 1977. Ef litið er til greiningar á

inga

Kína er ennþá á stigi nýlýðræðis. Þeir hafa lengst af rekið stefnu sem varla verða fundnir gallar á. Sérstaklega á þetta við um utanríkisstefnuna. Þjóðfélag það sem kínverskir kommúnistar máttu fást við var og er einstakt hér í þessum parti alheims. Afrek þeirra er frábært.

Þrátt fyrir það verður ekki komist hjá því að líta á staðreyndir. Eins og Maó Ze-dong segir er Kína 3. heims ríki. Sósíalismi getur aðeins orðið að veruleika við ákveðið stig framleiðsluaflanna. Kínverjar hafa ekki náð þessu stigi. Þeir eru á leiðinni og á góðri leið. Rússar hafa náð þessu stigi, en þeirra þjóðfélag er ekki sósíalískt.

Guðir hins nýja Kína

Kommúnistar hafa haft marga guði. 3. nallinn, Stalín og Sovétríkin, síðan Kína og Albanía, og nú virðast þeir heldur ruglaðir. Eins og í Víetnam (sérlega drastískt dæmi) þá virðist mér það einkenni á ,,sósíalískum'' byltingum, að þær hafi gerst í vanþróuðum löndum, þar sem þörf var fyrir róttækar breytingar á þjóðskipulaginu til að unnt væri að koma þessum löndum undan áhrifum heimsvaldasinna og lénsveldis, og byggja upp eigin efnahag, óháðan þessum löndum. (Víetnam tókst þetta ekki einu sinni, þrátt fyrir áratuga baráttu. Þeirra bylting er hræðilegt skrímsli). Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Eitt einkennið er algjör skortur á lýðræði. Ef ég væri rithöfundur eða listamaður af öðru tagi vildi ég ekki starfa í Kína hvað þá Sovétríkjunum. Ég hef lesið nokkuð af ,,sósíalískum'' bókmenntum Kínverja, og minna þær að mörgu leyti á ýmis verk borgaralegra rómantíkera. Skáld fá ekki að starfa frjálst, þau verða að ,,tengjast öreigastéttinni'' þ.e. fara eftir flokkslínunni. Gagnrýnin skáld eru sett í fangelsi eða ofsótt. Hvers konar sósíalismi er það sem ekki þolir opna gagnrýni?

Sósíalisminn liggur í framtíðinni

Meðal æskulýðs í sósíalískum löndum ber mikið á yfirþyrmandi aðdáun á ,,borgaralegum úrkynjunarkúltúr'' svo sem gallabuxum, rokktónlist og ýmsu fleiru af því tagi, í útvatnaðri mynd. Þetta virðist bjóða þeirri skoðun heim að sósíalisminn hafi ekki reynst fær um að skapa menningu og listir sem hafi yfirburði yfir ,,vestræna úrkynjunarmenningu''. Þetta gildir bæði um Rússland og Kína, og einnig Albaníu.

Rússneska efnahagsundrið 1928-1939 þarf að skoða upp á nýtt. Vestrænir hagfræðingar skoðuðu þetta mjög náið og komu upp með Keynesisma, en hvorki hann né 5 ára áætlanir Rússa hafa megnað að forða efnahagskreppu í þessum hagkerfum.

Enn hefur ekki verið gerð sósíalísk bylting í ríki þar sem þróun framleiðsluaflanna er komin á það stig að lénskar leifar eru horfnar. Vesturlönd, svo og Austur-Evrópa og Sovétríkin eru nú þannig ríki. Það er ekki upplífgandi að líta yfir þessi þjóðfélagskerfi. Þar er hvergi að finna neitt sem mögulega gæti minnt á sósíalisma, nema jú auðvitað að þróun framleiðsluaflanna er löngu komin á það stig að sósíalísk bylting er möguleg og hugsanlegt að hægt sé að gera hana án þess að lenda aftur út í ófærum Stalínismans.

Ég held að fyrsta raunverulega sósíalíska þjóðfélagið liggi í framtíðinni. Þjóðernisbarátta 3. heims ríkjanna hefur grafið mjög undan valdi imperíalismans. Núverandi heimskreppa, stríðsundirbúningur risaveldanna og frelsisbaráttá í 3. heiminum — allt þetta bendir til þess að á næstunni muni koma til stórkostlegra átaka, sem ekki eigi sinn líka í veraldarsögunni.

Ég er kominn nokkuð langt frá útgangspunktinum, umræðunni um hlutverk flokksins. K Marx, J Stalín, V I Lenín, Maó Ze-dong, allt eru þetta merkir fræðimenn sem hafa unnið nauðsynlegt starf á sviði þjóðfélagsvísinda. Marxisminn er og verður sterkasta hugmyndafræðilega afl nútímans. Nýjar aðstæður og reynslan af tilraunum til að koma á sósíalísku þjóðfélagi hlýtur að kalla á endurmat á marxismanum. Ég held að sósíalisma verði ekki komið á með flokkseinræði, kúgun og nýrri yfirstétt, hvort sem það eru bolsévíkar eða harði kjarninn úr göngunni miklu sem stendur fyrir þessum tilraunum. Sósíalismi hlýtur að byggjast á opinni skoðanabaráttu, lýðræði, trausti á fjöldanum og raunverulegum völdum alþýðunnar. Hvert hlutverk flokksins verður í byltingu framtíðarinnar er óljóst, en hann verður að vera fyrir hendi. Aðalatriðið er að hann fari ekki að skipta sér af hlutum sem honum koma ekki við.

ÁDJ

kkinn

íslensku þjóðfélagi er það svo — og má jafnvel setja þetta ártal fyrr. Ártalið skiptir þó ekki höfuðmáli.

Á fyrstu árum KSML voru sett fram ýmis ný viðhorf í pólitískri umræðu hér á landi. Gerð var grein fyrir megindráttum stéttskiptingar, reynt að kanna einokunareðli íslensks auðvalds, rætt um verkalýðsforystuna og herleiðingu hennar og síðast en að mörgu leyti mikilvægast að Sovétríkin voru ekki lengur fyrirmynd. Það var gríðarlega mikilvægt að gera fólki ljóst að Sovétríkin og ástandið þar væri ekki neitt sem kommúnistar sæktust eftir.

EIKml bættu síðan um betur þegar þau komu fram og hnykktu betur á sumu í **Baráttuleið alþýðunnar** sem var að vissu marki og svo langt sem hún náði góð bók.

Margir telja að barátta EIKml og KFÍML hafi átt stærstan þátt í að þessi samtök náðu ekki fjöldafylgi með öllu því starfi sem unnið var. Þeir urðu því fyrir vonbrigðum þegar sameining samtakanna setti ekki allt á ,,fúll sving'' í því efni.

Nýtt upphaf

Mér og fleirum var þá að verða ljóst að sameining samtakanna væri fremur byrjunin á nýju upphafi sem fælist í því að byggja upp pólitíska stefnu sem væri fær um að takast á við aðrar stefnur **í alvöru.** Í því skyni hafa starfað umræðu- og vinnuhópar í vetur.

Í stefnuskrá Kommúnistasamtakanna er enn eitthvert píp um það að samtökin ætli sér að sameina kommúnista í ein samtök og stofna Flokk.

Það fer því fjarri að Kommúnistasamtökin ráði yfir stefnu sem gerir þeim kleift að sameina nokkurn mann. Að mínu mati og margra annarra eiga samtökin fyrst og fremst að ræða stefnu.

Félag kommúnista fremur en samtök

Ég lagði reyndar til í fyrra að samtökin yrðu lögð niður og stofnað útgáfufélag um Verkalýðsblaðið og umræðuhópar um pólitík. Segja má að samtökin hafi fljótlega eftir stofnun eða strax við sameininguna 1980 skipt um eðli. Þau eru núna lauslega tengdir umræðuhópar með stjórn. Breyta þarf því stefnuskránni til að lesendum VB og öðrum megi ljós vera eðlisbreytingin. E.t.v. ætti að kalla þau **félag** í stað samtaka til enn frekari áréttingar.

Ný stefnumótun krefst þolinmæði

Að lokum tek ég undir með **as** í nr.11-12 1981, þar sem hann telur að engar stórbreytingar verði næstu árin. Við sem höfum áhuga á að móta íslenska marxíska stefnu verðum að puða þolinmóðir, — e.t.v. lengi — án þess að geta stofnað Flokk sem leggur áherslu á einhverja skipulagningu að leniníska fyrirmynd þar sem ein skoðun er talin rétt og önnur þar af leiðandi röng. Slíkt væri skaði fyrir lítinn hóp, hóp sem vill vera frjór í hugsun. En ekki get ég annað en fagnað þegar ,,kk'' hefir fundið upp Flokk þar sem ekki er níðst á frumlegri hugsun og skapandi umræðu undir yfirskini ,,einingar út á við''. En það hefir að því er mér virðist engum kommúníska Flokki tekist hingað til, heldur hafa þeir verið í því að **leiða** verkalýðsstéttina eitthvert og oftar en ekki þangað sem hún vill ekki fara. Og sú hætta vofir ætíð yfir.

Baldur

Marxismi og mannleg samskipti

Mörg samtök marx-lenínista á Vesturlöndum þoldu ekki umrótið mikla í kínverskum stjórnmálum eftir dauða Mao Tsedongs, enda voru þau mjög háð línunni að austan. Sum samtök lögðust niður, önnur forhertust í kreddubundinni eftiröpunarstefnu, steyptu Maó af stalli og tilbiðja nú Albaníu, Stalín o.fl.; enn önnur hafa reynt að móta sér sjálfstæðari stefnu.

Sumum tókst það án meiri háttar kollsteypu og er Kommúnistaflokkur verkamanna í Noregi (AKP) þar líklega fremstur í flokki. Hann er hvetjandi og leiðandi í baráttu verkafólks og andheimsvaldasinna á ýmsum sviðum. Hann gefur út ótrúlega vandað dagblað, Klassekampen, 16-24 síður á dag, næstum því án auglýsinga, og sendir eigin fréttaritara víða um heim.

Ýmislegt hefur vaxið á rústum þeirra kommúnísku samtaka og flokka sem kollsteyptust eða liðu undir lok, en erfitt er að henda reiður á því. Það vekur athygli mína, að sum ml-samtök (t.d. í Hollandi) hafa snúið sér frá amstri hinnar víðtæku stétta- og stjórnmálabaráttu og einbeita sér að sálarlegum vandamálum fólks og að móta nýjar aðferðir við barnauppeldi. Það er afar slæmt, ef fólk þarf virkilega að leggja marxismann og stéttabaráttuna á hilluna, vilji þeir sinna slíkum málum.

Einstaklingar og heild

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi háð marxistum hve lítið þeir hafa gaumgæft einstaklinginn (látið þá borgaralegu um það), þó svo að þeir viti að samfélagið sem þeir beina allri athyglinni að, er safn einstaklinga, sem lúta ákveðnum efnislegum og huglægum lögmálum.

Efnafræði var frumstæð fræðigrein áður en menn fóru fyrir alvöru að beina athyglinni að eindunum, sem öll efni eru gerð úr. Aukin þekking á grunneindum efnisins (atómum) og samtengingu þeirra (atómtengjum) olli byltingu í þekkingu á efnum og **efnabreytingum,** sem m.a. hefur leitt til myndunar milljóna nýrra efnasambanda og örtölvubyltingar.

Á svipaðan hátt held ég að marxismi og önnur þjóðfélagsvísindi verði frumstæð og ytfirborðskennd, nema þau útvíkki hugmyndafræði sína þannig að hún taki í ríkari mæli mið af eðli og lögmálum einstaklinganna og nánustu samskiptum (samtengingu) þeirra.

Fram að þessu hafa sálarfræði og læknisfræði aðallega sinnt einstaklingum. Nú er komin talsverð hreyfing meðal lækna og sálfræðinga að útvíkka sjóndeildarhringinn og láta sér ekki lengur nægja að lækna sjúka einstaklinga, heldur huga einnig að hinu sjúka samfélagskerfi. Þá styttist mjög bilið milli þeirra og félagsfræðinga, ekki síst marxista.

Marxismi og sálfræði

Meðal marxista í Vestur-Evrópu hefur lengi verið hreyfing í þá átt að flétta saman marxisma og sálfræði, með misjöfnum árangri þó, enda kredduvofan víða á sveimi, ekki bara meðal marxista, heldur einnig sálfræðinga. Sökum einangrunar og kínverskrar eftiröpunar gátum við lengi vel leitt þetta hjá okkur.

Síðustu misseri hef ég kynnt mér dálítið uppeldis- og sálarfræði. Ég fæ ekki betur séð en sumar stefnur og sumir vísindamenn þessara fræðigreina hafi margt að segja sem marxistar verði að vita og taka afstöðu til. Það tekur bæði til stjórnlistar og baráttuaðferða. Það er augljóst, að þessi fræði nýtast við að móta fólk og útbreiða hugmyndir.

Afturhaldið hagnýtir þær í ríkum mæli og ver ómældu fjármagni til að þróa þær í sína þágu. En margt vísindafólk á þessu sviði er óháðara kerfinu, tekur málstað alþýðu og treystir grundvöll mannræktar í anda félagshyggju (kommúnisma) og frelsis. Hitt ætti reyndar einnig að vera ljóst, að framsækin stjórnlist verður að taka mið af því sem vitað er um eðli og viðbrögð einstaklinganna, sem þjóðfélagið er gert úr.

Sálarfræðin varð til sem vísindagrein í byrjun aldarinnar og fékkst í byrjun aðallega við einstaklinga. Síðar hafa komið fram félagslega sinnaðar stefnur innan hennar. Sem dæmi um skref í þeirri þróun má nefna bók Erik H. Erikson (Childhood and society) sem kom fyrst út 1950. Þar er m.a. reynt að nota vitneskju sem fengin er með náinni rannsókn fjölda einstaklinga (m.a. sálgreiningu) til að skýra félagsleg fyrirbrigði, einkum samspil uppeldis og samfélagshátta. Mér finnst höfundurinn í raun inni vera díalektískur efnishyggjumaður (lítur t.d. á líkamlegan og andlegan þroska í nánu samhengi). Síðan hefur orðið sprenging á þessu sviði, sem engin tök eru á að lýsa hér. Það undarlega er, að hún hefur nær eingöngu gerst í hinum ,,kapítalíska heimi''.

Ef við viljum vinna í anda Marx og annarra mikilla vísindamanna, verðum við að einbeita okkur að samþættingu þekkingar á efnislegum og huglægum veruleika, sem kemur fram innan ýmsra fræðigreina. Þar þarf að tengja saman, vinsa úr og leiða að líkur.

Það kemst enginn einn maður lengur yfir að spanna allt svið vísindanna. Því er það óhjákvæmilegt að starfa skipulega saman, skipta verkum og verja miklum tíma í skoðanaskipti. Þannig starfsemi er í verkahring háskóla, en í stéttaþjóðfélögum er forystu slíkra stofnana ekki treystandi til að leiða slíkt starf. Það held ég hins vegar að sé eitt af mikilvægustu hlutverkum þeirra samtaka og flokka, sem hafa raunverulega félagshyggju fyrir markmið.

Konum er betur treystandi á þessu sviði en körlum

Náin mannleg samskipti — mannrækt — er ríkari þáttur í hversdagslífi kvenna en karla, ef á heildina er litið. Barnauppeldi í heimahúsum, á dagheimilum og í grunnskólum hvílir fyrst og fremst á þeim. Sama gildir um umönnun sjúkra og aldraða.

Góðgerðafélög kvenna stofnuðu og ráku fyrst barnaheimilin, barnaspítalann og ýmsar aðrar mannúðarstofnanir, sem ríkið hefur tekið upp á sína arma, hangandi hendi, þegar augljóst var hversu ómissandi þær voru.

Auk þessa sögulega mannræktar-arfs frá gamla þjóðfélaginu eru konur almennt lægra settar efnahagslega en karlar, bæði á heimilinu og á vinnumarkaðinum. Líklega er meirihluti verkalýðsstéttar nútímans konur.

Á blómaskeiði samtaka marx-lenínmaóista á Íslandi (1975-1978) voru konur nær helmingur félaganna. Það segir þó ekki alla söguna. Í 7.-8. tbl. VBL hefur G.S. margt til síns máls í greininni ,,Förum að taka þátt í pólitík'' er hann skilgreinir þessi samtök engu að síður sem karlasamtök.

G.S. segir m.a.:,,Konum var yfirleitt ekki treyst, þær taldar of tilfinningasamar, óskólaðar, illa agaðar o.fl. í þeim dúr. Sú krafa var gerð til kvenna að þær erðust kvenkyns karlar. Og örfáum konum tókst það reyndar um tíma''.

G.S. segir einnig:,,Eik(ml) voru því dæmigerð karlasamtök, rétt eins og aðrir pólitískir flokkar og samtök. Þar var ekkert pláss fyrir hlýleika, vináttu og tilfinningar, jafnvel ekki sorg eða gleði, — aðeins hrollkalda vélræna rökhyggju og svonefndan ,,málefnaleika''. Þetta hleld ég að sé sönn lýsing, en dálítið ýkt.

Nú hafa flestar konurnar sagt skilið við samtökin fyrir nokkru síðan (og reyndar einnig margir karlar). Ég dreg mjög í efa að það takist að móta almennilega róttæka og jarðbundna stefnu án þátttöku framsæknara kynsins: kvenna.

Nú blómstrar (að því er ég held) spennandi umræða meðal kvenna á Akureyri og Reykjavík og jafnvel víðar. Feminismi (kvenremba?) virðist vera þar ofaná nú sem stendur, en stéttabaráttan spilar þar undir og hlýtur að aukast, ef lýðræði nær að dafna.

Það er margt gott við þessa (eflaust tímabundnu) bylgju feminisma. Hún býður nú birginn hinum fjórhöfða þursi afturhaldssamra stjórnmálaflokka og leitast við, gagnstætt þeim , að setja manninn í öndvegi, ekki kerfið. Hreyfing þessi hlýtur að leiða af sér frjórri skoðanabaráttu og stefnumótun út fyrir eigin raðir.

Ég tel skynsamlegt að félagar og stuðningsfólk K.S. sem eiga þess kost, taki þátt í kvennaframboðunum, starfi þar, hlusti og leggi til málanna, allt eftir efnum og ástæðum. Reynsla úr því starfi gæti fléttast saman við það nám og nýsköpun, sem nú er á dagskrá, ekki síst gæti það styrkt þá hlið marxismans, sem snýr að einstaklingum og þeirra nánustu samskiptum — að mannrækt. Ég skora á okkar gömlu og ötulu kvenkyns félaga og aðrar hressar konur að láta þessi mál til sín taka.

ÞÖÁ.